

Fimmtudaginn 19. september 1996.

Nr. 180/1996.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Tómasi Hólmgeiri Haukssyni

(Ólafur Sigurgeirsson hdl.)

Eignarréttur. Netlög. Sjávarútvegur. Veiðiheimildir. Fuglafriðun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Gunnlaugur Claessen og Sigurður Líndal prófessor.

Málinu var að fengnu leyfi áfrýjað til Hæstaréttar af hálfu ákærvalds og ákærða með stefnu 6. maí 1996. Vísar ákærði til a- og b-liðar 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 7. gr. laga nr. 37/1994. Hann krefst sýknu af kröfum ákærvaldsins.

Ákærvaldið krefst nú staðfestingar héraðsdóms og að ákærði verði dæmdur til að greiða allan sakarkostnað fyrir Hæstarétti.

I.

Samkvæmt gögnum málsins lagði ákærði grásleppunet sín á Breiðafirði við Langey, sem liggur vestan Skarðs í Dalabyggð. Kveðst ákærði hafa fengið leyfi Fiskistofu til að stunda grásleppuveiðar á Breiðafirði á vor- og sumarvertíð 1994, sem gefið hafi verið út á grundvelli reglugerðar nr. 92/1994 um hrognkelsaveiðar. Hefur leyfið ekki verið lagt fram í málinu, en þetta atriði er óvefengt af hálfu ákærvaldsins.

II.

Málatilbúnaður ákærvaldsins er á því reistur, að ákærði hafi lagt grásleppunet sín innan 60 faðma frá stórstraumsfjörumáli Langeyjar og þar með í netlögum eyjarinnar. Innan þeirra eigi landeigandi einn rétt til allrar veiði og þar með talda veiði sjávarfiska. Verði sá réttur leiddur af 3. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849 og síðari löggjöf. Með því að veiða innan þeirra marka hafi ákærði unnið til refsingar samkvæmt 11. gr. tilskipunarinnar, sbr. lög nr. 116/1990.

Ákærði hefur mótmælt því, að net sín hafi verið lögð umrætt sinn eins og í ákæru greinir. Staðhæfir hann, að þau hafi verið lögð norð-vestan við eyna, en ekki suðvestan við hana. Hann telur sig enn fremur hafa átt rétt til að stunda grásleppuveiðarnar, þar sem netin lágu. Vísar hann um það til veiðileyfis frá Fiskistofu, en samkvæmt lögum nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða feli leyfi stjórnvalda til fiskveiða í atvinnuskyni í sér, að þær megi stunda frá fjöruborði til ytri marka íslensku efnahagslögsögunnar, sbr. 2. mgr. 2. gr. laganna. Þá reisir hann sýknukröfu sína á því, að veiðitilskipunin frá 1849 hafi aldrei tekið til fiskveiða, hvorki í upphaflegri gerð sinni né eftir breytingar, sem síðar hafi verið gerðar á henni. Önnur seinni tíma löggjöf hafi ekki heldur veitt landeigendum einkarétt til fiskveiða innan netlaga sjávarjarða. Eigi það jafnt við um netlög, er miðist við 60 faðma frá stórstraumsfjörumáli samkvæmt tilskipuninni, sem og netlög, er kveðið sé á um í vatnalögum nr. 15/1923 og fleiri lögum og miðist við 115 metra. Löggjöf á þessari öld og hinni síðustu hafi ekki breytt ákvæðum Jónsbókar um þetta atriði. Þau kveði meðal annars á um einkarétt landeiganda til veiði sjávarfiska innan netlaga jarða sinna, en ytri mörk þeirra netlaga miðist hins vegar við dýpi frá landi, en ekki fjarlægð frá stórstraumsfjörumáli. Þannig segi í 2. kapítula rekabálks Jónsbókar, að „það eru netlög utast er selnet stendur grunn xx möskva djúpt að fjöru og koma þá flár upp úr sjó“. Ekki sé fullvíst, hvaða dýpi það sé, er í þessari reglu felist, en samkvæmt kenningum fræðimanna geti það verið frá 2,90 metrum allt að 7,52 metrum. Sé fyrri talan sennilegri, en örugglega geti ekki skeikað miklu frá henni. Verði þessi regla um rétt landeiganda til veiði sjávarfiska í netlögum enn talin gilda, sé einsýnt, að ákærði hafi veitt utan marka netlaga, sem ákvörðuð séu samkvæmt reglu Jónsbókar, þar eð net hans hafi legið þar, sem dýpi var mun meira. Dýpi hafi ekki verið mælt þar, sem netin lágu. Að auki hafi eyjum, hólum og skerjum ekki verið mörkuð sérstök netlög samkvæmt Jónsbók.

III.

Með vísan til forsendna héraðsdóms telst sannað, að ákærði hafi lagt net sín á þeim stað, sem tilgreindur er í ákæru.

Við setningu veiðitilskipunar 1849 sagði svo í 1. gr.: „Á Íslandi

skulu héðan í frá jarðeigendur einir eiga dýraveiði og fugla, nema öðruvísi sé ákveðið í tilskipun þessari.“ Um fuglaveiði er nú mælt fyrir í öðrum lögum, en annars gildir þetta ákvæði tilskipunarinnar óbreytt. Við lögtöku hennar var jafnframt kveðið svo á í 21. gr., að allar greinar laga um fiskveiðar og hvalveiðar, sem ekki sé breytt í þessari tilskipun, skuli fyrst um sinn standa óraskaðar. Verður ekki talið, að ákvæði 3. gr. tilskipunarinnar um rétt landeiganda til veiði 60 faðma á haf út frá stórstraumsfjörumáli hafi falið í sér annan og rýmri rétt landeiganda til veiða en þann, sem kveðið var á um í upphafsákvæði tilskipunarinnar.

Af hálfu ákærvalds er til þess vísað, að eftir þetta hafi með nokkrum lögum verið mælt fyrir um einkarétt landeigenda að ýmiss konar réttindum innan netlaga jarða sinna. Eigi það jafnt við um netlög í sjó og í stöðuvötnum. Við umfjöllun á Alþingi um slíka lagasetningu sem og um frumvörp, er ekki hafi náð fram að ganga, hafi iðulega komið fram ráðagerð hjá þingmönnum um tilvist almennrar reglu um viðtækan rétt landeigenda til hvers kyns gæða innan netlaga jarða sinna. Verði að líta svo á, að fyrir þróun réttarins á þessu sviði hafi náð að festa sig í sessi regla, sem feli í sér, að landeigandi eigi einkarétt til veiða innan netlaga jarða sinna og þar með talda veiði sjávarfiska. Þriðja grein tilskipunarinnar verði nú talin fela slíkan rétt í sér, hvað svo sem upphaflega hafi verið talið gilda í þeim efnum.

Af fornlögum verður ekki ráðið, að netlög í sjó hafi verið talin háð sömu eignarráðum fasteignareigenda og landið fyrir ofan. Með síðari tíma löggjöf hafa eigendum fasteigna ekki heldur verið veittar allar sömu eignarheimildir yfir netlögum í sjó, sem þeir njóta yfir fasteignum, er að þeim liggja. Með veiðitilskipun 1849 var tekin upp ný afmörkun netlaga á þann veg, að þau skyldu miðast við tiltekna fjarlægð frá stórstraumsfjörumáli. Innan þeirra, svo markaðra, skyldi fasteignareigandi einn eiga tilteknar heimildir, sbr. 1. gr. tilskipunarinnar. Með löggjöf eftir það hefur fasteignareigendum ekki með ótvíræðum hætti verið veittur einkaréttur til veiði sjávarfiska í netlögum, sem miðist við fjarlægð frá stórstraumsfjörumáli. Ákvæði 2. kapitula rekabálks Jónsbókar um afmörkun netlaga, sem miðast við sjávardýpi, hafa ekki heldur verið felld úr gildi með ákvörðun löggjafans, þótt þau hafi hins vegar ekki verið tekin upp í útgáfu

lagasafns 1919 og eftir það. Vafi um rétt fasteignareiganda að þessu leyti verður skýrður ákærða í hag. Alls er óvíst um, hvert sjávardýpi er á þeim stað, er ákærði lagði net sín. Ber með vísan til 45. gr. laga nr. 19/1991 að sýkna hann af broti á 3. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 1849, sbr. 11. gr. sömu tilskipunar.

IV.

Samkvæmt 1. mgr. 18. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum má ekki án leyfis varpeiganda leggja net í sjó nær friðlýstu æðarvarpi en 250 metra frá stórstraumsfjörumáli frá 15. apríl til 14. júlí ár hvert. Tóku lög þessi gildi 1. júlí 1994. Samkvæmt 2. mgr. sömu greinar skal umhverfisráðherra setja reglugerð um, hvernig staðið skuli að skilgreiningu og friðlýsingu æðarvarps samkvæmt lögnum. Sú reglugerð hafði ekki verið sett, er atvik þessa máls gerðust 5. júlí 1994. Í 21. gr. laganna segir hins vegar, að reglugerðir og aðrar stjórnvaldsaðgerðir um spendýrastofna og fugla, sem settar hafa verið fyrir gildistöku laganna, haldi gildi sínu, uns nýjar reglur hafi verið settar. Auglýsing sýslumannsins í Búðardal frá 5. apríl 1994 um friðun alls æðarvarps innan Dalasýslu er hins vegar þannig úr garði gerð, að ekki verður byggt á henni í málinu.

Fram er komið, að í Langey er æðarvarp. Engra gagna nýtur hins vegar um það, hver stærð eyjarinnar sé eða hvar í henni æðarvarp sé að finna. Hið sama á við um það, hver vegalengd hafi verið frá netum ákærða að stórstraumsfjörumáli fram undan eggveri æðarfugla, en engar mælingar voru gerðar á því. Er þessi þáttur ákæru um brot það, sem ákærða er gefið að sök, ekki studdur haldbærum rökum. Verður hann því einnig sýknaður af kröfum ákæruvaldsins, sem að þessu lúta.

Eftir þessum úrslitum verður allur sakarkostnaður felldur á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Tómas Hólmgeir Hauksson, skal vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin

málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, Ólafs Sigurgeirssonar héraðsdómslögmanns, samtals 60.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Vesturlands 28. mars 1996.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 12. mars sl. að loknum munnlegum málflutningi, er höfðað fyrir dóminum með svofelldu ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 28. nóvember 1995, á hendur „... Tómasi Hólmgeiri Hauksyni, Eyktarási 13, Reykjavík, kennitala 140848-2399, fyrir brot á lögum nr. 64/1994 og tilskipun um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849 með því að hafa á bát sínum, Má, RE-87, lagt grásleppunet í netlögum Langeyjar í Breiðafirði samkvæmt mælingum tveggja stýrimanna hjá Landhelgisgæslu Íslands og innan takmarka frá stórstraumsfjöruborði friðlýsts æðarvarps þriðjudaginn 5. júlí 1994, er hann hafði grásleppunetatrossu, merкта m/b Má, RE-87, í sjó í 94 metra fjarlægð frá flæðarmáli eyjarinnar, sem er í eigu Kristins B. Jónssonar, Skarði á Skarðsströnd, og Ólafs Eggertssonar, Manheimum á Skarðsströnd. Ákærði var skráður eigandi bátsins Más, RE-87, handhafi leyfis til grásleppuveiða, út gefins af Fiskistofu.

Telst brotið varða við 1. mgr. 18. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994 og 3., sbr. 18. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar ...“

Sækjandi krefst þess enn fremur, að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar á meðal saksóknarlauna til ríkissjóðs. Við meðferð málsins kvað sækjandi þess ranglega vitnað í 18. gr. tilskipunar frá 1849 í ákæru í stað 11. gr.

Af hálfu ákærða er aðallega krafist sýknu, en til vara vægustu refsingar. Jafnframt er krafist, að allur sakarkostnaður verði lagður á ríkissjóð, þar með talin hæfileg málsvarnarlaun verjanda.

II.

Hinn 5. júlí 1994 fóru menn frá Landhelgisgæslunni ásamt sýslumanninum í Búdardal og eigendum Langeyjar í grásleppuveiðieftirlit frá Skarðstöð á Skarðsströnd. Komið var að netabelg, merktum m/b Má, RE-87, sknr. 5155. Belgurinn mældist 94 metra frá flæðarmáli eyjarinnar samkvæmt mælingum Landhelgisgæslunnar. Mælt var, þegar þrjár klukkustundir og 20 mínútur voru í háfjöru. Straumur var vaxandi og náði hámarki 8. júlí.

Ákærði, Tómas, kvaðst ekki hafa lagt net á þeim stöðum, sem tilgreindir séu í skýrslu Landhelgisgæslunnar, heldur norðvestan við eyna. Hann

kvaðst ekki hafa notað belg á sína trossu, heldur bauju, jafnframt hefði trossa sín ekki verið merkt. Þá kvaðst hann rengja fjarlægðarmælinguna, en hafa talið sig vera með veiðarfæri sín lengra en 115 metra frá landi og grynnt á 7–8 metra dýpi. Ákærði kvaðst vita, að Suðurlönd væru í eigu Kristins Jónssonar og Ólafs Eggertssonar. Ákærði kvaðst hafa vitað um ákvæði fuglafriðunarлага um grásleppuveiði.

Sigvaldi Guðmundsson lögregluvarðstjóri kvað netalagnir hafa verið mældar við suðvesturenda Langeyjar í þessari ferð.

Guðmundur Emil Sigurðsson og Hjálmar Jónsson, stýrimenn hjá Landhelgisgæslunni, sáu um fyrrgreinda mælingu. Kváðu þeir mælinguna hafa verið gerða bæði með fjarlægðarmæli og með snærisspotta, en netalögn ekki verið dýptarmæld. Þeir kváðu netalögn hafa verið frá syðsta odda eyjarinnar, og ef miðað sé við legu eyjarinnar, hafi netalagnir verið út af suðvesturodda hennar. Þeir kváðust hafa komið að bauju, en ekki belg, eins og sagt sé í skýrslu þeirra.

Kristinn og Ólafur, eigendur Langeyjar, kváðu æðarvarp vera í eyinni, og væri það nýtt af þeim. Kvað Kristinn son sinn hafa á þessu tímabili lagt grásleppunet á milli Köngurseyja og Hraunseyja.

III.

Af fram lagðri staðfestri skýrslu starfsmanna Landhelgisgæslunnar og framburði vitna telst sannað, að ákærði lagði netatrossu á þeim stað, sem tilgreindur er í ákæru.

Langey er undir jörðinni Skarði á Skarðsströnd, eign Kristins Jónssonar og Ólafs Eggertssonar. Samkvæmt 3. gr. tilskipunar frá 20. júní 1849 voru netatrossur ákærða því innan netлага Langeyjar í Breiðafirði.

Í eyinni er æðarvarp. Sýslumaðurinn í Búðardal auglýsti friðlýsingu æðarvarps í Dalasýslu í Lögbirtingablaðinu 28. apríl. Auglýsing þessi var birt með tíðkanlegum hætti og lögboðnum um stjórnvaldsauglýsingar, sem talið hefur verið nægjanlegt til friðlýsingar æðarvarps, sbr. 21. gr. laga nr. 64/1994. Ákærði hafði ekki leyfi landeiganda til netalagna.

Með háttsemi sinni hefur ákærði því gerst brotlegur við 3. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849 og 1. mgr. 18. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Refsing.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 19. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og 11. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann ekki áður sætt refsingu.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 30.000 kr. sekt til ríkissjóðs, sem

ákærði greiði innan fjögurra vikna frá birtingu dóms að telja, en sæti ella varðhaldi í átta daga.

Sakarkostnaður.

Eftir þessum úrslitum málsins ber að dæma ákærða til þess að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 kr. Þá greiði ákærði einnig málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ólafs Sigurgeirssonar héraðsdómslögmanns, 30.000 kr., auk virðisaukaskatts.

Málið flutti af ákæruvaldsins hálfu Ólafur St. Sigurðsson, sýslumaður í Búðardal.

Hervör Þorvaldsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Tómas Hólmgeir Hauksson, greiði 30.000 kr. sekt í ríkissjóð innan fjögurra vikna frá birtingu dóms að telja, en sæti ella varðhaldi í átta daga.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 kr., og 30.000 kr. í málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ólafs Sigurgeirssonar héraðsdómslögmanns.
